

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Ásahrepps 2010-2022, Miðmundarholt.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 25. apríl 2012 óverulega breytingu á aðalskipulagi Ásahrepps 2010-2022, sem samþykkt var í sveitarstjórn Ásahrepps 21. júní 2011. Niðurstaða sveitarstjórnar var birt í auglýsingaritinu Búkollu 18. apríl 2012.

Breytingin tekur til 10 ha íbúðarsvæðis í landi Miðmundarholts og felst í því að lóðum er fjölgað úr 6 í 7. Fram kemur að tvær lóðir á svæðinu eru byggðar.

Málsmeðferð var samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 25. apríl 2012.

Stefán Thors.

Erna Hrönn Geirsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 10. maí 2012